

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 15. október 2014
Tilvísun 111
MKÁ

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar, 13. mál

Vísað er til tölvupósts efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis frá 23. september sl. þar sem óskað var umsagnar NASDAQ OMX Iceland hf. („**Kauphöllin**“) um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til að efla lítil og meðalstór fyrirtæki og fyrirtæki í tækni- og hugverkaiðnaði, 13. mál. Kauphöllin styður markmið tillögunnar um að hrinda í framkvæmd ákveðnum aðgerðum í því skyni að efla lítil og meðalstór fyrirtæki í tækni- og hugverkaiðnaði. Hvað varðar einstaka liði tillögunnar þá hefur Kauphöllin eftirfarandi athugasemdir.

a-liður 1. tl.

Kauphöllin styður þau sjónarmið sem a-lið 1. tl. er ætlað að koma til móts við. Aukning á heimildum lífeyrissjóða til að fjárfesta í óskráðum verðbréfum er að vissu leyti til þess fallin að auka fjárfestingu í tækni- og hugverkafyrirtækjum en þó er brýnt að taka varfærin skref. Kauphöllin telur þannig ástæðu til að gæta þess að slík aðgerð dragi ekki úr hvötum fyrir fyrirtæki til að sækjast eftir skráningu á verðbréfamarkað. Í því sambandi er mikilvægt að um tímabundna ráðstöfun verði að ræða.

Enn fremur er ástæða til að leggja áherslu á að tillögur um aukningu á heimild lífeyrissjóða til að fjárfesta í óskráðum verðbréfum geta ekki komið í stað þeirra tillagna sem lagðar hafa verið fram í frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða (fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða), 30. mál á þingskjali nr. 30. Í fyrrgreindu frumvarpi um breytingu á lögum nr. 129/1997 er sett fram tillaga um að veita lífeyrissjóðum heimildir til að fjárfesta í verðbréfum skráðum á markaðstorgi fjármálagerninga („**MTF**“) til jafns á við verðbréf sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Þau sjónarmið sem rakin eru til stuðnings umræddri tillögu felast m.a. í því að skráning á markað, hvort sem um er að ræða MTF eða skipulegan verðbréfamarkað, stuðli að lægri viðskiptakostnaði, auknu gagnsæi og aukinni fjárfestavernd.

c-liður 1. tl.

Kauphöllin styður þá tillögu sem lögð er fram um byggingu á upplýsingaveitu í samstarfi við hagsmunaaðila um tækni- og hugverkafyrirtæki sem leita eftir fjárfestum. Slík upplýsingaveita gæti þó þjónað víðtækari tilgangi en lýst er í athugasemdum í greinargerð með tillögunni. Mætti þannig nýta slíkan vettvang til að birta aðrar upplýsingar sem eru mikilvægar við mat á fjárfestingarkosti, s.s. fjárhagsupplýsingar.

2.tl.

Kauphöllin tekur undir tillögu um að lagt skuli fram frumvarp til laga um skattaívilnun til handa

einstaklingum sem annars vegar fjárfesta beint í litlum og meðalstórum fyrirtækjum og hins vegar í fjárfestingarsjóðum sem fjárfesta í litlum og meðalstórum fyrirtækjum.

Kauphöllin leggur áherslu á að brýnt sé að gæta þess að tillögur um slíkar skattaávilnanir samræmist leiðbeinandi reglum Eftirlitsstofnunar EFTA um skattaávilnanir til einstaklinga vegna kaupa á hlutabréfum í litlum fyrirtækjum í vexti. Í umræddum leiðbeinandi reglum kemur m.a. fram að MTF séu mikilvægur liður í fjármögnun lítilla og millistórra fyrirtækja þar sem þau annars vegar laða fjármagn að þessum fyrirtækjum og liðka hins vegar til fyrir sölu upphaflegra fjárfesta á hlutabréfum fyrirtækis. Að þessu virtu telur Eftirlitsstofnun EFTA sérstaka ástæðu til að undirstrika mikilvægi slíkra markaða m.a. með því að greiða fyrir starfsemi þeirra í gegnum fjárhagslega hvata til handa aðilum sem fjárfesta í félögum sem skráð eru á slíka markaði.

Kauphöllin hefur ekki frekari athugasemdir við tillögurnar og er fús til frekari umræðu eða samstarfs um ofangreind mál

Virðingarfyllst,

Magnús Kristinn Ásgeirsson,
lögfræðingur